

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grundarfjarðarbæ.

*Deiliskipulag Ölkeldudals.*

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti 8. maí 2025 heildarendurskoðun deiliskipulags fyrir Ölkeldudal.

Við gildistöku þessa nýja deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag sama svæðis frá 13. mars 2003.

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019-2039, m.a. nýgerða breytingu í tengslum við þessa deiliskipulagsgerð, sem tekið hefur gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 3. júlí 2025, nr. 757/2025.

Deiliskipulagið felur í sér breytingu á deiliskipulagsmörkum, fjölgun íbúðarlóða, endurhönnun gatna og stíga, m.a. með tilliti til sjálfbærra ofanvatnslausna.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Grundarfirði, 4. júlí 2025.*

**Björg Ágústsdóttir** bæjarstjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 7. júlí 2025